

<b>FUNDARGERÐ</b>	<b>Tílefni funda</b> Drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Friðland að Fjallabaki		<b>Síða</b> 1
<b>Dags. funda</b> 18.8.20	<b>Tími</b> 10:30-12:00	<b>Staður</b> Umhverfisstofnun - Suðurlandsbraut 24	<b>Nr. fundar</b>
<b>Fundarboðandi</b> Umhverfisstofnun	<b>Fundarritari</b> Aron Geir Eggertsson		
<p><b>Fundarmen</b></p> <p>Umhverfisstofnun: Aron Geir Eggertsson (S24), Hákon Ásgeirsson (S24), Hildur Vésteinsdóttir (fjarfundarboðandi) og Elín Björg Ragnarsdóttir (S24)</p> <p>Landssamband íslenskra vélasleðamanna: Páll Sighvatsson</p> <p>FETAR: Jón Páll Baldvinsson (formaður), Sveinn Sigurður Kjartansson</p> <p>Fundarstjóri: Hákon Ásgeirsson, Umhverfisstofnun</p> <p>Meðlimir ferðaklúbbsins 4x4, FETAR og LÍV gera athugasemd við drög að stjórnunar- og verndaráætlun Friðlands að Fjallabaki. Fundur boðaður að ósk FETA og umræðuefni fundarins er stýring umferðar á Friðlandi að Fjallabaki.</p>			

Frá síðasta fundi hefur LÍV og 4x4 hist með stafsmönnum Garmin og rætt um tækniatriði og að koma kortum á rafrænt form. Eina fyrirstaðan sem er nú fyrir er að komast í kortagrunn með lokunum og slíku í .gpx formati. Málið snýst um höfundarrétt en líklega er Náttúrufræðistofnun Íslands með höfundarrétt af gagnagrunnunum. Líklega best að Umhverfisstofnun beiti sér í að fá aðgang að kortum. Vistgerðakort frá NÍ.

FETAR telja að ekki eigi að nálgast stjórnunina með bönnum. Vilja minnka boð og bönn og vinna með samstarf. Gera kortagrunna sem sýna hvar viðkvæmustu svæðin eru.

FETAR vilja vinna með svæði 1 á annan hátt. Unnið verði meira með hugtakanotkun eins og áhættu og því um slíkt. FETAR telja að ákveðið vald sé komið inn á svæðið sem þeir telja ekki vera góða þróun. Geðþóttarákvarðanir um lokanir á vegum og annað slíkt sem hamli aðgengi þeirra að svæðinu á viðkvæmum stöðum.

Hildur bendir á að ekki væri hægt að tala um geðþóttarákvarðanir í þessu samhengi þar sem öll vinna hefur verið byggð af sérfræðilegu mati, samráði og fundum. Reglulegir fundir með hagsmunaraðilum og ákvarðanir teknar með sérfræðingum.

Bent á að orðanotkun um utanvegaakstur á snjó er úr náttúruverndarlögum. Annar grundvöllur til að taka upp þessa umræðu en það er ráðuneytið sem fer með mál er varða breytingu á náttúruverndarlögum.

Sveinn bendir á að oft sé stuttur fyrirvari fyrir fundi.

Jón Páll bendir á að ástand snjóalags getur verið breytilegt og mikilvægt að taka mið af því við gerð tillaga. Auk þess bendir Jón Páll á að það er ekki auðvelt að setja niður ákveðnar farleiðir af því ástandið er síbreytilegt. Telur mikilvægt að merkt sé hver eru mikilvægustu svæðin að vernda. Með því er hægt að minnka bannsvæði og svæði í kring sem þarf að gæta varúðar.

Sveinn bendir á jarðýtuslóða í jarðfalli sem hægt væri að nota þegar mikill snjór er á svæðinu.

Jón Páll ræðir að náttúruvernd sé fólgin í því að minnka fjölda niðrugrafna vega, þar eru oft mikið gróin svæði. Fólk, aðallega ferðapjónustuaðilar sem eru að ferðast allt árið, keyra úr slóðum og jafnvel á gróna svæðið sem er einungis með lítið snjólag yfir sér. Hákon bendir á að UST hefur í mörg ár bent Vegagerðinni á að mikilvægt sé að byggja upp vegi sem hafa grafist niður vegna þess að þeir verða fljótt ófærir á haustin.

Jón Páll kemur inn á mikilvægi hringleiða. Með gerð hringleiða, til dæmis með fjölgun brúa, væri hægt að dreifa álagi á Íslandi og koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif sem oft loðir við umferð ferðamanna.

Næstu skref: UST útvegar kortagrunn og sendir á fulltrúa 4x4, FETAR og LÍV. Þeir halda áfram vinnu varðandi kortagrunna og tillögur að breytingum og senda UST við fyrsta tækifæri. UST mun svo í framhaldinu boða til fundar og fara yfir tillögurnar..

Fundi slitið 11:35

